

Ása Jónsdóttir

- **F.** 28.2 1919 að Ásum í Svínavatnshreppi í Austur-Húnnavatnssýslu, d. 20.5 1993.
- **Foreldrar:** Anna Jónsdóttir húsmóðir, f. 31.1 1881 í Sauðanesi í Torfalækjarhreppi, d. 29.1 1948, og Jón Gíslason bóndi, f. 28.3 1881 í Austurhlíð í Blöndudal, d. 2.4 1936.
- **Maki:** Yngvi Ólafsson lögfræðingur, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, síðar sýslumaður í Dalasýslu 1965-1974 og aftur deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu til 1983, f. 18.12 1922, d. 8.7 2005. Gengu í hjónaband 1952 en slitu samvistir 1968.
- **Foreldrar maka:** Elínborg K. Sveinsdóttir símstöðvarstjóri, f. 12. október 1897, d. 11. maí 1955 og Ólafur Jónsson trésmíðameistari og póstafgreiðslumaður á Þingeyri við Dýrafjörð, f. 12. maí 1892, d. 30. desember 1967.

Námsferill:

- Kennapróf frá Kennaraskóla Íslands 1942.
- Nám í uppeldisfræði og sálfræði við Carleton College, Northfield í Minnesota 1943-1946 (BA-próf 1946).
- Framhaldsnám í uppeldisfræðum við ríkisháskólann í Grand Forks, Norður-Dakota, M.Sc-próf (Master of Science of Education) þaðan 1947. Lokaritgerð hennar fjallaði um íslensk skólamál (sjá ritaskrá).
- Nám í afbrigðilegri sálfræði barna við University of Minnesota sumarið 1969.
- Sótti auk þess ýmis námskeið austan hafs og vestan.

Fagréttindi:

- Löggilding sem sálfræðingur á Íslandi 1977.

Starfsferill:

- Kennari í Svínavatnshreppi, Austur-Húnnavatnssýslu 1942-1943.
- Vann að uppeldisfræðilegum rannsóknum hjá dr. Matthíasi Jónassyni 1947-1948.
- Stundakennari við Kvennaskólann í Reykjavík 1949-1965.
- Kennari við húsmæðraskólann á Staðarfelli í Döllum 1966-1967.
- Starfaði við Mental Health Clinic í New York 1968-1970.
- Kennsla við Gagnfræðaskóla Keflavíkur, Hjúkrunarskóla Íslands og gagnfræðadeild Langholtskóla á árunum 1970-1973.
- Kennsla og sálfræðistörf í Réttarholtskóla á níunda áratugnum.
- Starfrækti einkaskóla, forskóla fyrir 5-6 ára börn 1949-1965 (*Smábarnaskóla Ásu Jónsdóttur*), lengst af á heimili sínu í Heiðargerði í Reykjavík. Rak aftur sams konar skóla í Breiðholti (Keilufelli og síðar Völvufelli) 1973-1983 eftir að hafa búið í Dalasýslu í nokkur ár.
- Formaður barnaverndarnefndar Búðardals 1965-1968.
- Í áfengisvarnarnefnd kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði 1970-1976 og starfandi í Góðtemplarareglunni frá 1970.
- Leiðsögumaður á sumrin hjá Ferðaskrifstofu ríkisins 1950-1965.

Ritstörf:

- Secondary Schools in Iceland. M.Sc-prófritgerð, Grand Forks 1947.

- Barnasögur 1961. Bókaútgáfan Dögg. Sjá ritfregn í *Alþýðublaðinu* 17.12 1961, bls. 2: <https://timarit.is/page/2250028?iabr=on#page/n2/mode/2up/search/barnas%C3%B6gur%20%C3%A1sa%20%C3%B3nsd%C3%B3ttir>. Sótt 13.7 2020.
- Ánægjustundir. Barnabók, 1975.
- Þýddi barnaleikrit úr ensku, m.a. Þrjú þúsund mýs.
- Ljóð m.a. í Húnvetningaljóðum og blöðum og tímaritum. Eitt ljóða sinna, Ísland, undir höfundarnafninu Ása frá Ásum, flutti Ása á Lýðveldisdeginum á Hnausum í byggðum Vestur-Íslendinga í Manitoba 22. júní 1946. Sjá: <https://timarit.is/page/2168876?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/%C3%A1sa%20%C3%B3nsd%C3%B3ttir%20lj%C3%B3nsd%C3%B3ttir>. Sótt 17.7 2020.
- Flutti útvarpserindi um uppeldismál 1950-1990 og birti greinar um uppeldismál í dagblöðum og tímaritum.

Heimildir:

- Ása Jónsdóttir uppeldisfræðingur og kennari – Minning. *Morgunblaðið* 4. júní 1993, bls. 39. Sjá: <https://timarit.is/page/1786509?iabr=on#page/n38/mode/2up/search/%C3%A1sa%20%C3%B3nsd%C3%B3ttir%20uppeldisfr%C3%A6%C3%ADngur>. Sótt 13.7 2020.
- *Morgunblaðið* 3.7 1947, bls. 7 - Kona lýkur námi í sálar- og uppeldisfræði. Sjá: <https://timarit.is/page/1264013?iabr=on#page/n6/mode/2up/search/kona%20%C3%BDkur%20n%C3%A1mi%20%C3%ADAD%20s%C3%A1lar-%20oq%20uppeldisfr%C3%A6%C3%ADngur>. Sótt 13.7 2020.
- *Morgunblaðið* 5.1 1949, bls. 3. Auglýsing um *Smábarnaskóla*.
- *Morgunblaðið* 20.5 1981, bls. 26. – Skóli Ásu Jónsdóttur í nýju húsnæði.
- Yngvi Ólafsson (minningargreinar). *Morgunblaðið* 20. júlí 2005. Sjá: https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1029054/?item_num=0&searchid=244d3c659a0ca92c0d72e24c4708bb6c5ec35190. Sótt 13.7 2020.
- Samtíðarmenn. Ritstj. Vilhelm G. Kristinsson. Reykjavík. Vaka-Helgafell 1993.
- Ása Jónsdóttir í Íslendingabók. Sótt 5.11 2019.
- Anna Jónsdóttir í Íslendingabók. Sótt 19.11 2019.
- Yngvi Ólafsson í Íslendingabók. Sótt 5.11 2019.
- Elínborg K. Sveinsdóttir í Íslendingabók. Sótt 5.11 2019.
- Ólafur Jónsson í Íslendingabók. Sótt 5.11 2019.
- Drög Gylfa Ásmundssonar að Sálfræðingatali.
- Útskrifast (um útskrift Ásu frá Carleton College, Northfield, Minnesota, og eigið ljóð sem hún flutti á Lýðveldisdeginum á Hnausum í Minnesota 22. júní 1946 undir höfundarnafninu Ása frá Ásum). Winnipeg. *Heimskringla*, 60. árg., 26. júní 1946 Sjá: <https://timarit.is/page/2168876?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/%C3%A1sa%20%C3%B3nsd%C3%B3ttir%20lj%C3%B3nsd%C3%B3ttir>. Sótt 13.7 2020.
- *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar*, 53. árgangur 1947, 1. tbl. (01.01.1947), bls. 78-79. http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=306833&pageId=4667374&lang=is&q=%C1sa%20J%C3F3nsd%C3F3ttir. Sótt 6.11 2019.
- *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar*, 54. árgangur 1948, 1. tbl. (01.01.1948), bls. 73. http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=306834&pageId=4667471&lang=is&q=%C1sa%20J%C3F3nsd%C3F3ttir. Sótt 6.11 2019.



Mynd með minningargrein í Mbl. 4.6 1993.